

**Nd.**

**134. Frumvarp til laga**

**[82. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkureppi í Snæfellsnessýslu.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

**1. gr.**

Að fengnum meðmælum hreppsnefndar Breiðuvíkurepps og sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu heimilast ríkisstjórninni að selja þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkureppi ábúandanum, Jóni Lárussyni, fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna, enda verði jörðin gerð að ættaróðali sankv. lögum nr. 116 1943.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Ábúandi jarðarinnar, Jón Lárusson, hefur búið á Húsanesi í nær 20 ár. Öll hús jarðarinnar eru mjög úr sér gengin og því óhjákvæmilegt að endurbyggja þau á næstu árum. Fé til endurbyggingarinnar frá því opinbera fæst ekki nema af skornum skammti. Híkar ábúandi við að leggja í miklar og fjárfrekar byggingarframkvæmdir á annarra eign, þar sem telja má hæpið, að þær fengjust greiddar að fullu, ef hann, af ófyrirsjáanlegum ástæðum, yrði að láta af búskap.

Jörðin er ekki í erfðaábúð, og þarf því sérstaka heimild til sölu hennar.